

Opinn mótmælafundur í dag gegn niðurskurði á Landspítala

Níu samtök segja mannslíf í húfi

Níu félagasamtök, Geðhjálp, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúkra, Umhyggja, Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, BHM, BSRB og Læknafélag Íslands boða til opins fundar í Austurbæ í dag klukkan 17. Yfirskrift fundarins er „Almannahagur í húfi krefjumst endurskoðunar á fjárveitingum til Landspítala-háskólasjúkrahúss“.

Hjartasjúklingar segja mannslíf geta verið í húfi ef bráðamóttöku á Hringbraut verður lokað um helgar, og stjórn spítalans hafi ekki leyfi til að draga úr lífs- og batalíkum sjúklinga. Auk þess muni þessar aðgerðir ekki skila sér í sparnaði þegar upp er staðið. Fjórir til fimm einstakling-

ar veikjast af hjartasjúkdómum á hverjum sólarhring, og nú eru 260 manns á biðlistum eftir hjartaþræðingu og skyldum aðgerðum.

Vísindaráð spítalans telur hættu á að vísindastarf verði fyrir óafturkræfum skaða vegna niðurskurðarins, en á því sviði á að spara um 30 milljónir króna.

„Niðurskurður á vísindasviðinu mun leiða til lakari þjónustu við sjúklinga,“ segir formaður vísindaráðs, Bjarni Þjóðleifsson, og hvetur stjórnvöld til að hætta við. Hann bendir á að rannsóknarfólk er mun færri á Landspítalanum en á sambærilegum breskum sjúkrahúsum, og segir niðurskurð skapa hættu á að kæfa þá vísindastarfsemi sem náð hefur að



260 manns bíða eftir hjartaþræðingu Hjartasjúklingar segja stjórn spítalans ekki hafa leyfi til að draga úr lífs- og batalíkum sjúklinga.

dafna þrátt fyrir bágan kost hingað til.

Íslensk heilbrigðisvandamál séu mörg hver sérstök og verði ekki leyst með innfluttri þekkingu, til dæmis

hegði ýmsar bakteríur og veiruafbrigði sér öðruvísi hjá Íslendingum en öðrum þjóðum og hafi annað næmi fyrir lyfjum.